



Reykjavík 18.8.2025

2025080185

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 1029/2025, seiðaeidisstöð Benchmark Genetics í Kollafirði. Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu)

Vísað er til máls nr. nr. 1029/2025, seiðaeidisstöð Benchmark Genetics í Kollafirði. Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu). Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

Umrædd framkvæmd er ekki háð starfsleyfi hjá HER.

HER vill benda á að við framkvæmdir sem þessar ber að framkvæma áhrifamat vatnshlots í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar. HER telur að slíkt mat hefði átt að liggja fyrir í gögnum málsins enda ætti að byggja ákvörðun um matsskyldu m.a. á niðurstöðum þess. HER vill benda á að þrátt fyrir hreinsun á fráveituvatni er engu að síður hættu á aukinni losun næringarefna. Kollafjörðurinn er þegar undir miklu álagi en hann er viðtaki skólps frá iðnaðar- og athafnasvæðinu á Esjumelum. Viðtakinn hefur ekki verið skilgreindur en vinna við gagnaöflun er í gangi. Eins liggja fyrir drög að útfærslu brúar yfir fjörðinn vegna Sundabrautar og skv. þeim drögum verða miklar landfyllingar og aðeins skilið stutt bil fyrir vatnsskipti í firðinum. Áhrif þessa á fjörðinn og hæfni hans sem viðtaka hafa ekki verið metin.

Að mati HER eru ekki nægjanlegar upplýsingar til staðar til að svara fyrirspurn um matsskyldu á óbyggjandi hátt en verði viðtakinn metinn sem viðkvæmur getur það vissulega haft áhrif á kröfur vegna losunar fráveituvatns frá fyrirhugaðri seiðaeidisstöð og gert áhrif hennar mun meiri.

Virðingarfyllt


f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri



Seiðaeldistöð Benchmark Genetics Iceland í Kollafirði

Fyrirspurn um matsskyldu



Höfundur: Ella Kristín Geirsdóttir

Dagsetning: 10. Júlí 2025

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Tilkynningaskylda	1
3	Núverandi aðstaða	1
3.1	Húsnæði og starfsemi	1
3.2	Vatnstaka	3
3.3	Innra eftirlit með starfsemi	5
4	Framkvæmdalýsing	6
4.1	Fyrirhuguð framkvæmd	6
4.2	Framkvæmdatími	8
5	Staðhættir	8
5.1	Verndarsvæði og takmarkanir á landnotkun	8
5.2	Samræmi við skipulag	8
6	Helstu umhverfisáhrif	8
6.1	Áhrif á lífríki vatns/sjávar	10
6.2	Áhrif á vatnsgæði vegna losunar frá stöðinni	10
6.3	Áhrif á menningarminjar	12
6.4	Áhrif á gróðurfar og fuglalíf	12
6.5	Áhrif á hljóðvist	12
6.6	Áhrif á landslag og ásýnd	12
6.7	Áhrif á landnotkun og samgöngur	12
6.8	Samantekt umhverfisáhrifa	12
7	Samráð	13
7.1	Samráðsaðilar	13
7.2	Leyfi sem framkvæmdin er háð	13
8	Niðurstaða	13
	Viðauki 1 Mæliblað fyrir Mógilsárveg	1
	Viðauki 2 Deiliskipulagsuppdráttur 02, Deiliskipulag Mógilsár og Kollafjarðar	2
	Viðauki 3 Mæliniðurstöður frárennslis 2025 fyrir Kollafjörð	3

1 Inngangur

Benchmark Genetics Iceland er fiskeldisfyrirtæki sem hefur þá sérstöðu að það sér öllum laxeldisfyrirtækjum landsins fyrir kynbættum lifandi laxahrognum til áframeldis.

Seiðaeldisstöð fyrirtækisins í Kollafirði er núna með 20 tonna starfsleyfi útgefið af Umhverfisstofnun (UST202109-047) og 20 tonna rekstrarleyfi frá MAST (FE-1172). Sjógönguseiði þaðan fara á klakstöðvar fyrirtækisins í Vogavík og Kalmanstjörn þar hrogn eru tekin úr kynþroska fisk og þau send til frjóvgunar í Hrognahús fyrirtækisins í Vogavík þar sem augnuð hrogn eru alin uns þau eru tilbúin til sendingar til viðskiptavina innanlands og erlendis.

Fyrirtækið hyggst sækja um stækkun starfs- og rekstrarleyfis fyrir Kollafjörð, úr 20 tonnum í 40 tonn. Ástæða stækkunar er að auka úrval kynbótafisks sem fer til áframeldis í klakfiskastöðvar fyrirtækisins í Vogavík og Kalmanstjörn. Ávinningur með aukningu á úrvali kynbótafisks er auknar framfarir í fiskeldi á Íslandi t.d. aukin mótstaða gegn sjúkdómum, hraðari vöxtur og lægra kynþroskahlutfall. Auk þess er mikill vöxtur er í laxeldi hérlandis og hefur innflutningur á lifandi laxahrognum til Íslands verið bannaður, það er því nauðsynlegt fyrir Benchmark Genetics Iceland að stækka seiðaeldisstöð sína þannig að hægt verði að koma til móts við aukna eftirspurn eftir lifandi laxahrognum á næstu árum. Stækkun leyfanna mun einnig tryggja að framleiðsla sé innan framleiðslumarka en árin 2022 og 2023 fór framleiðsla rétt yfir 20 tonn þar sem kynbætur hafa skilað betri vexti en áður og lífmassi því meiri þrátt fyrir að fjöldi seiða í stöðinni sé sá sami.

Til að auka framleiðslugetuna upp í 40 tonn þá stendur til að taka í notkun 3 af 7 útikerjum sem standa fyrir utan stöðina sem ekki hafa verið í notkun í fjöldamörg ár. Til að bæta eldisaðstæður verður reist nýtt hús yfir þau þrjú útiker sem tekin verða í notkun.

2 Tilkynningaskylda

Framkvæmdin fellur undir flokk B skv. tölulið 1.09 í 1. viðauka við lög 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana og því þarf að tilkynna framkvæmd til skipulagsstofnunar til að fá álit á hvort framkvæma þurfi umhverfismat vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

3 Núverandi aðstaða

3.1 Húsnæði og starfsemi

Fiskeldisstöðin Kollafjörður er staðsett við Mógilsárveg 37B, 162 Reykjavík og hefur fastanúmerið F2520642 skv. fasteignaskrá.

Kollafjörður er gömul eldisstöð, hún var byggð árið 1961 og var rekin sem Laxeldisstöð ríkisins. Benchmark Genetics Iceland, áður Stofnfiskur, hóf starfsemi sína í henni árið 1991.

Landið og byggingar eru í eigu ríkisins en BG Iceland leigir það af Hafrannsóknarstofnun. Samkvæmt viðauka við leigusamning sem undirritaður var þann 18. október

2024 gildir leigusamningurinn til 31.12.2030. Svæðið er 28.912 m². Byggingar tengdar eldinu ná yfir svæði sem er 932 m² á lóðinni.

Eldið er allt landeldi. Öll ker eru yfirbyggð nema 7 útiker sem eru ekki í notkun. Alls er eldisrúmmál kerja innanhúss um 298 m³ en með yfirbyggingu yfir þau 3 eldisker úti (264 m³) sem fyrirhugað er að taka í notkun þá eykst eldisrýmið í 562 m³. Ekki er fyrirhugað að nýta hin fjögur útikerin sem eru á svæðinu.

Með stækkun starfs- og rekstrarleyfis er fyrirhugað að byggja yfir og taka í notkun þrjú útiker sem staðsett eru fyrir utan stöðvarhúsið.

Stöðin er ekki nálægt byggð, þó eru nokkur sumarhús í grennd og skógræktarsvæði.



Mynd 3.1: Staðsetning Kollafirðar, seiðaðisstöðvar BG Iceland, Mógilsárvegi 37 B, 162 Reykjavík




Mynd 3.2: Loftmynd af Kollafirði seiðaðisstöð, T3 og T4 eru eldishús

3.2 Vatnstaka

Stöðin notast við gegnumrennsli. Vatnsöflun er með þeim hætti að vatn er fengið úr lind upp í fjallinu og er þar um að ræða sjálfrennandi vatn undan þrýstingi sem kemur niður fjallið (sjá mynd 3.3 og mynd 3.4)

Vatnið rennur í safntank og er hreinsað með útfjólubláu ljósi áður en það fer í eldisker stöðvarinnar. Notast er við um 65 l/sek af fersku vatni, 2,1 l/sek af heitu vatni úr borholu á svæðinu og keypt um 3,9 l/sek af heitu vatni af Orkuveitu Reykjavíkur. Staðsetningu borholu sem er í notkun má sjá á mynd 3.5 og yfirlitsmynd yfir borholur á svæðinu eru á mynd 3.6


Ekki er gert ráð fyrir aukinni notkun á vatni inn á stöðina við stækkunina heldur er stefnt að því að endumýta vatn sem kemur úr eldishúsi T4 fyrir nýju kerin.



Mynd 3.3: Sýnir vatnsból eða lindina uppi í fjallinu.



Mynd 3.4: Sýnir neðsta damm áður en vatn fer inn í stöðina.



Mynd 3.5: Sýnir staðsetningu heitavatnsholu.



Mynd 3.6: Yfirlitsmynd yfir Kollafjörð ásamt staðsetningu á heitavatsborholum (rauðir ferningar), mynd tekin af <https://www.map.is/os/@369125,414402,z11.0>

Tafla 1. Yfirlitstafla yfir borholur á svæðinu.

Heiti holu	Fast heiti	Auðkennis nr.	Hnit holu (ISN93)		Dýpi holu	Dýpt fóðringar	Borunarár	Mælt rennsli (l/sek)
X	Y							
Ekki í notkun	KF-01	23921	368970	414370	156	NA	1954	0
Ekki í notkun	KF-02	23922	368975	414375	168	NA	1954	0
Ekki í notkun	KF-03	23923	368980	414380	302	NA	1955	0
Í notkun	KF-04	23924	369165,8	414432,1	1031	23,2	1978	1,5- 3

3.3 Innra eftirlit með starfsemi

Rekstur seiðastöðva felur í sér mikið innra eftirlit með starfseminni. Daglega er skráð framleiðslumagn (vöxtur lífmassa), afföll, fóðurgjöf, fóðurnýting og fóðurgerð. Magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja er einnig skráð í hvert skipti sem þau eru notuð. Einnig er skráð skv. gæðahandbók stöðvarinnar og nógildandi starfsleyfi eins oft og við á:

- Lífmassaaukning, framleiðsla og afföll ársins.
- Fóðurnotkun, fóðurnýting og fóðurgerð.
- Magn og gerð hreinsi- og sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni.
- Kvartanir vegna starfseminnar.

- Bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun.
- Allur úrgangur sem verður til vegna eldisins og meðhöndlun hans.
- Staðfesting á að þjálfun starfsmanna hafi farið fram.
- Niðurstöður vöktunar.
- Magn næringarefni í frárennsli við mestu og minnstu fóðrun (losunarmælingar).
- Tæming olfugildra séu þær til staðar.
- Hreinsun á mengunarvarnarbúnaði eða settjörnum.

Eftirlit með losun næringarefna og fastefnis í frárennsli

Samkvæmt gildandi starfsleyfi er gerð krafa um um mælingu á heildarfosfór, heildarköfnunarefni, svifögnum og lífrænu efni (TOC, COD eða BOD₅ við inntak í stöðina og í útrás frárennslis að minnsta kosti tvisvar á ári annarsvegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) hinsvegar þegar fóðrun er í lágmarki.

Því til viðbótar er eftirfarandi gildi mæld í eldisvökva og frárennsli:

Daglega í körum	Vikulega í kerjum	Mánaðarlega í kerjum	Tvisvar á ári í frárennsli
Hitastig	pH	O ₂ SAT	TSS (heildar uppleystar agnir)
O ₂	Hitastig	O ₂	BOD ₅
	CO ₂	Köfnunarefni%	COD
		TGP%	Heildar köfnunarefni
			Ammóníak
			pH
			Hitastig


4 Framkvæmdalýsing

4.1 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirtækið telur ekki að um veigamikla framkvæmd sé að ræða. Um er að ræða að taka í notkun þrjú af sjö útikerjum sem þegar eru til staðar og byggja yfir þau stálgrindarhús auk þess sem gert er ráð fyrir uppsetningu á tveimur tromlu síum til hreinsunar frárennslis sem anna því rennsli sem verður í viðkomandi lögnum.


Fyrirhugað er að reisa nýja u.þ.b. 630 m² byggingu yfir þrjú fyrirbyggjandi útiker sem staðsett eru sunnan við núverandi stöðvarhús. Byggingin verður einangrað stálgrindarhús á steyptri plötu sem byggð verður á járnbentum sökkli. Byggingin verður hönnuð í samræmi við íslenska staðla, af viðeigandi löggildum hönnuðum.

Byggingin rúmast innan núgildandi byggingarreits skv. mæliblaði 34.252.3 frá Reykjavíkurborg, dags 15.07.2022 sjá viðauka 1. Sótt verður um byggingarleyfi fyrir nýbygginguna hjá Reykjavíkurborg.



Mynd 4.1: Núverandi byggingar á svæðinu, staðsetning eldiskerja í stöðinni og fyrirhuguð nýbygging yfir útiker.

Til að ná betri vatnsnýtingu mun affallsvatn frá núverandi eldishúsi T4 (sjá mynd 6.2) fara í gegnum nýja tromlusíu 1 og því verður síðan dælt upp í þau þrjú ker sem taka á í notkun og fer vatnið þar í gegnum loftara. Sú lögn verður grafin niður í skurð sem verður 50 cm breiður og 80 cm djúpur sem síðan verður fylltur með viðeigandi jarðefnum. Önnur tromlusía mun síðan hreinsa affallsvatn frá umræddum kerjum áður en það fer í viðtaka. Ekkert frárennsli mun fara frá stöðinni ósíað. Fastefni (seyra, fóðurleifar og aðrar fastar agnir) sem síast frá í tromlusíu verður safnað í rotþró og fargað á viðeigandi hátt. Þar sem ekki verður aukning á vatnsnotkun í stöðinni heldur verður vatn endurnýtt þá mun frárennsli ekki aukast.



Mynd 4.2: Fyrirhuguð uppsetning á tromlusíum og endurnýting vatns.

4.2 Framkvæmdatími

Miðað er við að framkvæmdin hefjist um leið og öll leyfi eru til staðar og er áætlað að framkvæmdin taki um sex mánuði.

5 Staðhættir

5.1 Verndarsvæði og takmarkanir á landnotkun

Eins og áður hefur komið fram hefur fiskeldisstöð verið starfrækt á lóðinni síðan 1961 og er því ekki um nýja framkvæmd að ræða heldur stækkun á núverandi rekstri. Samkvæmt fornleifaskráningu vegna deiliskipulags Vesturlandsvegar frá Leirvogsa að Hvalfirði 2018 þá eru ekki skráðar fornminjar sem þarf að viðhalda á lóð fiskeldisstöðvarinnar í Kollafirði né tilgreindar fornleifar sem njóta friðhelgi á vefsja minjastofnunar (<https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>).

Á deiliskipulags uppdrætti Mógilsár og Kollafjarðar frá 2002 eru skilgreind eru 5 svæði (H1 – H3) sem hverfisverndarsvæði vegna landslags, merkra jarðmyndana og fornminja og er stöðin ekki staðsett á neinu þeirra. Lóðin er ekki staðsett á vatnsverndarsvæði né svæðum á náttúruminjaskrá.

5.2 Samræmi við skipulag

Núverandi deiliskipulag Mógilsár og Kollafjarðar frá 2002 (sjá viðauka 2. Deiliskipulagsuppdrátt 02) gerir ráð fyrir athafnasvæði fiskeldisstöðvar Stofnfisks (nú Benchmark Genetics Iceland) en í því kemur jafnframt fram að útbúa þurfi nýtt deiliskipulag vegna nýbyggingar á lóðinni. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkurborgar til 2040 þá er lóð fiskeldisstöðvarinnar staðsett á svo kölluðum grænum kraga sem skilgreindur er sem opið svæði en það er mat framkvæmdaraðila að framkvæmdin hafi ekki neikvæð áhrif á nýtingu svæðisins. Leitað hefur verið álits Skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar hvort framkvæmdin sé í samræmi við aðalskipulag borgarinnar og núverandi deiliskipulag fyrir Mógilsá og Kollafjörð. Verður óskað eftir nýju deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi samkvæmt mati skipulagsfulltrúa þegar álit liggur fyrir.

6 Helstu umhverfisáhrif

Í eftirfarandi töflum má sjá þau viðmið sem höfð voru til hliðsjónar í mati á umhverfisáhrifum

Tafla 6.1 Viðmið umhverfispáttar sem eru höfð til hliðsjónar í matsskyldufyrirspurn

Umhverfispáttur	Viðmið
Lífriki vatns / vatnsgæði	Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála; Vatnaáætlun Íslands 2022-2027; Leiðbeiningar um áhrifamat fyrir vatnshlot.
Fornleifar	Aðalskipulag Reykjavíkur 2040; Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
Gróðurfar og fuglalíf	Aðalskipulag Reykjavíkur 2040; Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd; Náttúruminjaskrá; Bernarssamningur; Samningur um líffræðilega fjölbreytni.
Hljóðvist	Aðalskipulag Reykjavíkur 2040; Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
Landnotkun og samgöngur	Aðalskipulag Reykjavíkur 2040; Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd; Náttúruminjaskrá.
Landslag og ásynd	Aðalskipulag Reykjavíkur 2040; Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd; Náttúruminjaskrá; Landslagssamningur Evrópu.

Við mat á áhrifum framkvæmdar á umhverfispætti er stuðst við eftirfarandi vægiseinkunnir sem byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (Skipulagsstofnun, 2005).

Tafla 6.2 Viðmið áhrifa sem eru höfð til hliðsjónar í matsskyldufyrirspurn.

Mjög jákvæð	Jákvæð	Óvissa
• Veruleg jákvæð breyting á einkennum. • Áhrif eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og /eða ná til mikils fjölda fólks. • Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf. • Áhrifin auka verndargildi umhverfispáttar verulega. • Áhrif framkvæmda ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.	• Jákvæð breyting á einkennum umhverfispáttar. • Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks. • Áhrifin auka verndargildi umhverfispáttar. • Áhrif framkvæmda samræmast eða ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. • Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf.	• Óvissa og þ.a.l. ekki hægt að fullyrða um áhrif. • Skortur á upplýsingum. • Óvissa ríkir um hvort/hvernig breyting muni ná fram að ganga. • Óvissa um hvaða aðgerðir áætlun mun hafa í för með sér.
		Engin áhrif / á ekki við
		• Engin áhrif / á ekki við
Mjög neikvæð	Neikvæð	Óveruleg
• Veruleg breyting á einkennum umhverfispáttar. • Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikils fjölda fólks. • Áhrif framkvæmda eru ekki í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. • Áhrifin rýra verndargildi umhverfispáttar verulega. • Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf.	• Breyting á einkennum umhverfispáttar • Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks. • Áhrifin rýra verndargildi umhverfispáttar • Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf • Áhrif framkvæmda kunna að vera í ósamræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.	• Áhrif breyta ekki eða lítið einkennum umhverfispáttar. • Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítils fjölda fólks. • Áhrifin rýra ekki verndargildi umhverfispáttar. • Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum • Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.

6.1 Áhrif á lífríki vatns/sjávar

Helsta hættan við fiskeldi er áhrif strokufisks á lífríki vatns/sjávar. Hér er um að ræða landeldi og allt frárennslisvatn stöðvarinnar fer í gegnum stálristar sem eru í samræmi við stærð fisks í hverju kari fyrir sig. Þetta varnar því að fiskur sleppi í frárennslisvatni og er hættan á slyssleppingum lítil. Fylgst er með við flutning seiða að stærð rista sé í samræmi við stærð fisksins svo að seiðin komist ekki í gegnum ristarnar. Úti eru fiskigildir en eftir framkvæmd mun allt frárennslisvatn einnig fara í gegnum tromlusíur þannig að hættan á stroki er lágmörkuð. Ekki hefur orðið vart við að fiskur sleppi úr stöðvunum þau ár sem eldið hefur verið í gangi.



Mynd 6.1: fiskigildir við frárennslisvatni sem fer í skurð og fiskigildir í frárennslisvatni við settjörn sbr. mynd 6.2

6.2 Áhrif á vatnsgæði vegna losunar frá stöðinni

Frárennslisvatnið stöðvarinnar rennur úr skurðum í læk og síðan í litla tjörn sem má sjá á afstöðumynd og endar að lokum í vatnshloti 104-1391-C Straumsvík – Kjalarnes sem skilgreint er sem strandsjór. Samkvæmt Vatnavefsjá nær það vistfræðilegum og efnafræðilegum umhverfismarkmiðum og er ekki í hættu. Vistfræðilegt ástand þess vatnshlots er flokkað mjög gott.


Eiginlegur viðtaki frárennslisvatns stöðvarinnar samanstendur af skurðakerfi og læk sem ekki er skilgreint vatnshlot samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 Flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra. Þar sem viðtakinn er ekki skilgreint vatnshlot þá er ekki að finna upplýsingar um ástand viðtaka í vatnavefsjá en umhverfismarkmið viðtaka er samt sem áður að vera í góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Vöktun viðtaka hjá fyrirtækinu er samkvæmt 22. grein laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og er vöktunaráætlun til staðar.

Helstu áhrif sem gætu mögulega orðið væru ofauðgun vegna aukinnar losunar næringarefna (fosfór, köfnunarefni). Fylgst er með losun næringarefna, fosfór og köfnunarefnis, í viðtaka. Samkvæmt starfsleyfi má magn fosfórs í frárennslisvatni ekki fara umfram 7kg/tonn lífmassaukningu á ári og magn köfnunarefnis í frárennslisvatni má ekki fara yfir 60 kg/tonn af lífmassaukningu á ári. Niðurstöður mælinga á frárennslisvatni fyrir janúar 2025 má sjá í viðauka 3.

Til að fylgjast með ástandi viðtaka eru mælingar framkvæmdar við inntak og útrás frárennslis tvisvar á ári auk þess sem teknar eru myndir af útrás frárennslis og metið hvort set eða útfellingar, þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir), olía eða froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir, eða efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi sjáist í viðtaka frárennslis. Mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir að losun næringarefna fari yfir sett mörk í starfsleyfi við stækkun leyfis eru eftirlit með fóðrun, vöktun útrásar frárennslis og uppsetning tromlusía við frárennslis.

Eins og lýst er í framkvæmdalýsingu þá verða settar 2 tromlusíur við frárennslis eldishluta stöðvarinnar með afköstum skv. útreikningum lagnahönnuðar. Reiknað er með tromlusíu af gerðinni NP frá NP Innovation í Svíþjóð eða sambærilegum.

Yfirlit núverandi frárennslis, stærðir eldiskerja, varnir gegn stroki og staðsetning niðurfalla koma fram á mynd 6.2. Með notkun tromlusía mun frárennslis stöðvarinnar verða hreinna en fyrir breytingar en ekki er gert ráð fyrir aukningu á frárennslisvatni þar sem þar sem notað verður endurnýtt vatn frá eldishúsi T4.



Mynd 6.2: Yfirlitsmynd núverandi frárennslis, varnir gegn stroki og staðsetning niðurfalla

Áhöld hafa verið um staðsetningu mælipunkta fyrir frárennslis og nákvæmni mælinga og niðurstöður síðustu ára því óljósar. Verið er að fara betur yfir staðsetningu mælipunkta með Umhverfis og Orkustofnun til að fá betri sýn á ástand viðtaka.

Samkvæmt ársyfirliti 2023 og 2024 var losun fosfór innan marka núgildandi starfsleyfis. Losun köfnunarefnis hefur verið innan marka starfsleyfis síðustu ár.

Miðað við að fóðurstuðull í Kollafirði hefur verið um 1,14 undanfarin ár þá er áætluð fóðurnotkun við aukningu lífmassa í 40 tonn um 46 tonn af fóðri. Ekki er talið að aukinn lífmassi hafi neikvæð áhrif á losun næringarefna með tilliti til uppsetningar tromlusía til að hreinsa bæði skít og fóðurleifar úr frárennslis frá stöðinni. Eftir

framkvæmdina mun allt frárennslisvatn verða hreinsað og niðurstöður losunar næringarefna ættu því að verða innan marka þrátt fyrir stækkun eldis.

6.3 Áhrif á menningarminjar

Samkvæmt deiliskipulagi Mógilsár og Kollafjarðar eru ekki skilgreindar neinar menningarminjar á lóðinni sem fiskeldisstöðin stendur á. Framkvæmdin mun því ekki hafa áhrif á menningarminjar.

6.4 Áhrif á gróðurfar og fuglalíf

Svæðið í kringum stöðina er mikið unnið svæði og er mól í kringum stöðina, gras er fyrir utan lóð stöðvar og tré. Jarðvegurinn á lóð Benchmark Genetics Iceland er að mestu mólendi með graslendi. Ekki verður um röskun á ósnertu landi að ræða þar sem fyrirhugað er að byggja yfir núverandi útiker sem eru á svæðinu en því svæði var raskað á sínum tíma þegar stöðin var byggð. Lóðin er ekki innan mikilvægra fuglasvæða sbr. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar né innan svæða á náttúruminjasrá. Því er talið að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á gróðurfar og fuglalíf.

6.5 Áhrif á hljóðvist

Ekki hefur verið kvartað undan hávaða vegna starfseminnar og er ekki búist við að hávaði aukist þrátt fyrir stækkun á eldisrými. Búast má við lágmarks truflun meðan á framkvæmd stendur. Áhrif á hljóðvist eru því metin sem óveruleg.

6.6 Áhrif á landslag og ásjón

Nýbygging kemur til með að rísa aftan við stöðina og vera í sömu hæð og núverandi byggingar og ná yfir svæði sem nú er í órækt. Nýbyggingin ætti því ekki að hafa neikvæð áhrif á landslag og ásjón heldur óveruleg áhrif.

6.7 Áhrif á landnotkun og samgöngur

Nýbyggingin verður reist innan núverandi byggingarreits fyrir lóðina og hefur því ekki áhrif á landnotkun. Þrátt fyrir stækkun stöðvarinnar þá mun starfsmönnum ekki fjölga og því ekki gert ráð fyrir meiri umferð um svæðið en áður vegna stækkunarinnar. Svæði kringum stöðina hefur alltaf verið afgirt og er stækkun eldisstöðvarinnar því ekki talin hafa áhrif á útivist fólks á svæðinu. Því er framkvæmdin talin hafa óveruleg áhrif á landnotkun og samgöngur.

6.8 Samantekt umhverfisáhrifa

Tafla 6.1 Samantekt yfir áhrif framkvæmda á einstaka umhverfispætti

Lífriki vatns/ vatnsgæði	Fornleifar	Gróðurfar og fuglalíf	Hljóðvist	Landslag og ásjón	Landnotkun / samgöngur
Óveruleg	Engin	Óveruleg	Óveruleg	Óveruleg	Óveruleg

7 Samráð

7.1 Samráðsaðilar

Ekki hefur verið haft samband eða samráð við mögulega hagaðila að svo stöddu aðra en Skipulagsstofnun. Með tilliti til umsagnar um framkvæmd áætlaðar félagsaðila að leitað verði til eftirfarandi aðila eða þeirra sem Skipulagsstofnun óskar að samráð verði haft við:

- Umhverfis og Orkustofnun
- Fiskistofa
- Matvælastofnun
- Hafrannsóknarstofnun
- Reykjavíkurborg

7.2 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Sótt verður um stærra starfsleyfi hjá Umhverfis og Orkustofnun og stærra rekstrarleyfi fyrir fiskeldi hjá MAST samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Sótt verður um nýtingarleyfi á jarðhita vegna heitavatnsholu til Umhverfis og Orkustofnunar samkvæmt lögum nr. 57/1998 rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu. Vegna nýbyggingar þá þarf að hafa samband við Reykjavíkurborg og óska eftir nýju eða breyttu deiliskipulagi og fá staðfest að starfsemin samræmist aðalskipulagi Reykjavíkurborgar til 2040. Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir nýju bygginguna hjá byggingarfulltrúa hjá Reykjavíkurborg skv. lögum um Mannvirki nr. 160/2010.

8 Niðurstaða

Framkvæmdarsvæði hefur nú þegar verið að miklu leyti raskað og mótað af núverandi starfsemi seiðaeðisstöðvarinnar. Að því gefnu metur framkvæmdaraðili að áhrif á gróðurfar, hverfisvernd, jarðminjar, fuglalíf og ásýnd séu að mestu komin fram nú þegar. Áhrif stækkunarinnar á þessa umhverfispætti eru því talin óveruleg.


Ekki er gert ráð fyrir aukinni vatnstöku vegna framkvæmdarinnar og því voru umhverfisáhrif vatnstöku ekki skoðuð fyrir þessa matskyldu fyrirspurn.

Ekki er talin hætta á slyssasleppingum vegna aukinnar framleiðslu á laxaseiðum en öll ker eru útbúin með ristum í samræmi við stærð fisksins auk þess sem fiskigildir eru staðsettar við frárennsli stöðvarinnar. Því eru áhrif á lífríki vatns talin óveruleg.

Sá umhverfispáttur sem er líklegastur til að geta haft í för með sér neikvæð áhrif er aukinn styrkur næringarefna í fráveitu stöðvarinnar sem skilar sér til viðtaka vegna aukinnar fóðrunar. Með uppsetningu tveggja tromlusía við frárennsli er þó talið að hreinsun frárennslis verði það góð að óveruleg áhrif verði á viðtaka vegna stækkunarinnar. Jafnframt verður losun næringarefna vöktuð reglulega og ef þörf krefur verður vöktunaráætlun uppfærð í samráði við leyfisveitendur.

Ítarlegar upplýsingar eru um framkvæmdina í matskyldufyrirspurn og lagt hefur verið mat á umfang áhrifa framkvæmdar og er niðurstaða matsins sú að áhrif á umhverfispætti séu engin eða óveruleg. Í ljósi þessa telur framkvæmdaraðili að framkvæmdin geti ekki talist matsskyld í skilningi laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Viðauki 1 Mæliblað fyrir Mógilsárveg



Viðauki 3 Mæliniðurstöður frárennslis 2025 fyrir Kollafjörð



Sýni ehf - Vikurhvarfi 3, 203 Kopavogur
profanir@syni.is Tel: +354 512-3380

Test results



Benchmark Genetics Iceland hf.
Bæjarhrauni 14
220 Hafnarfjörður

Report no.: 38812-25
Sample type: Water
Date of reception: 21.1.2025
Date of analysis: 21.1.2025
Sampling: Benchmark Genetics Iceland hf.
Contact: Hector Rodriguez
Establishment: Kollafjörður FE-1079 -

Sample no.	Measurement	Result	Unit	Method
25-1075	Inlet - 21.01.2025			
	Total suspended solids (TSS)	2 mg/L +/- 19%		EN 872:2005
	* BOD5	< 1 mg/L		HACH-BOD direct plus, respirometric
	COD	< 3 mg/L +/- 15%		HACH - Method 8000
	Total Nitrogen N	< 0.5 mg/L +/- 18%		HACH - Method 10071
	* Ammonia NH ₃ -N	< 0.02 mg/L		HACH - Method 10031
	* pH	7.2		
25-1076	Outlet 1 - 21.01.2025			
	Total suspended solids (TSS)	2 mg/L +/- 19%		EN 872:2005
	* BOD5	< 1 mg/L		HACH-BOD direct plus, respirometric
	COD	< 3 mg/L +/- 15%		HACH - Method 8000
	Total Nitrogen N	< 0.5 mg/L +/- 18%		HACH - Method 10071
	* Ammonia NH ₃ -N	0.16 mg/L		HACH - Method 10031
	* pH	7.8		
25-1077	Outlet 2 - 21.01.2025			
	Total suspended solids (TSS)	< 2 mg/L +/- 19%		EN 872:2005
	* BOD5	< 1 mg/L		HACH-BOD direct plus, respirometric
	COD	< 3 mg/L +/- 15%		HACH - Method 8000
	Total Nitrogen N	< 0.5 mg/L +/- 18%		HACH - Method 10071
	* Ammonia NH ₃ -N	0.14 mg/L		HACH - Method 10031
	* pH	7.0		
25-1078	Outlet 3 - 21.01.2025			
	Total suspended solids (TSS)	3 mg/L +/- 19%		EN 872:2005
	* BOD5	< 1 mg/L		HACH-BOD direct plus, respirometric
	COD	< 3 mg/L +/- 15%		HACH - Method 8000
	Total Nitrogen N	0.5 mg/L +/- 18%		HACH - Method 10071
	* Ammonia NH ₃ -N	0.10 mg/L		HACH - Method 10031
	* pH	7.3		

Information on methods, scope and uncertainty are available at www.syni.is This report may not be copied other than in full text Results only relate to the test sample, as received by the laboratory. *Tests with an asterisk* are not accredited.

Sýni ehf - Vikurhvarfi 3, 203 Kopavogur - profanir@syni.is - Tel.: +354-512-3380

Page: 1 of 2



Sýni ehf - Vikurhvarfi 3, 203 Kopavogur
profanir@syni.is Tel: +354 512-3380

Test results



Sample no.	Measurement	Result	Unit	Method
Measurement remarks:				
Various chemical analysis done by Eurofins, Germany.				
* Not accredited measurement				

Kópavogur, 6.2.2025

This is electronically generated laboratory report and has been checked and approved.
It is valid without signature.

Magnús Snær Árnason
Specialist

Eurofins Umwelt Ost GmbH - Löbstedter Strasse 78 - D-07749 Jena

Syni Laboratory Service
Vikurhvarf 3
IS 203 Kopavogur
ICELAND

Title : **Analytical Report for Order 62501738**
Test report number : **AR-25-JE-003289-01**

Project name : **Water analysis**

Number of samples : **4**
Sample type: **surface water**
Sample Taker: **not specified, sample(s) were delivered to lab**

Sample reception date : **2025-01-30**
Sample processing time : **2025-01-30 - 2025-02-05**

The test results solely refer to the analysed test specimen. Unless the sampling was done by our laboratory or in our sub-order the responsibility for the correctness of the sampling is disclaimed. This analytical report is electronically signed and may only be further published completely and unchanged. Extracts or changes require the authorisation of the EUROFINS UMWELT in each individual case.

Our General Terms & Conditions of Sale (GTCS) are applicable, as far as no specific agreements do exist. The GTCS are available on <http://www.eurofins.de/umwelt/avb.aspx>.

Accredited test laboratory according to DIN EN ISO/IEC 17025:2018 DAkkS notification under the DAkkS German Accreditation System for Testing. The laboratory is according (D-PL-14081-01-00) accredited.

Attachments

XfM_Export_AR-25-JE-003289-01.xml

Katja Frey
Analytical Service Manager
+49 3641 464979

Digitally signed 2/5/2025
Katja Frey
Analytical Service Manager



Eurofins Umwelt Ost GmbH
Lindenstraße 11
Gewerbegebiet Freiberg Ost
09627 Bobritzsch-Hilbersdorf

Phone: +49 3731 2076 500
Fax: +49 3731 2076 555
info_freiberg@eurofins.de
www.eurofins.de/umwelt

GF: Dr. Christopher Fry, Axel Ullrich
Chemnitz HRB 36883
USt-ID Nr. DE 151 28 1997

Bankverbindung: UniCredit Bank AG
BLZ 207 300 17
Kto 7000000550
IBAN DE07 2073 0017 7000 0005 50
BIC/SWIFT HYVEDE3317

		Description		1075		1076		1077		1078	
		Sample number		625009289		625009290		625009291		625009292	
Parameter	Lab	Accr.	Method	LOQ	Unit						
Anions											
Phosphates	FR	F5	DIN EN ISO 6878 (D11): 2004-09	0.02	mg/l	0.17	0.15	0.14	0.16		
Phosphorus	FR	F5	DIN EN ISO 6878 (D11): 2004-09	0.005	mg/l	0.055	0.048	0.044	0.053		
Organic sum parameters											
TOC (total organic carbon)	FR	F5	DIN EN 1484: 1997-08	1.0	mg/l	< 1.0	< 1.0	< 1.0	< 1.0		

Explanations

LOQ - Limit of quantification

Lab - Abbreviation of the performing laboratory

Accr. - Abbreviation of the accreditation of the performing laboratory

The parameters identified by FR have been performed by the laboratory Eurofins Umwelt Ost GmbH (Lindenstraße 11, Gewerbegebiet Freiberg Ost, Bobritzsch-Hilbersdorf). The accreditation code F5 identifies the parameters accredited according to DIN EN ISO/IEC 17025:2018 DAkkS D-PL-14081-01-00.